

Mál nr. 174/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega
og
vátryggingafélagið Y v/ slysátryggingar ökumanns.

Krafa um að kjarasamningsbundin laun í veikinda- eða slysaforföllum bætist úr slysátryggingu launþegar eða slysátryggingu ökumanns.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 4.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.6.2010, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 21.6.2010.

Málsatvik.

M er bóndi og hjá honum starfaði A. Af gögnum málsins má ráða að þann 17.3.2010 hafi A lent í umferðarslysi sem ökumaður bifreiðarinnar B á leið sinni til vinnu hjá M. M hafði keypt samningsbundna slysátryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X vegna búrekstursins. Þá mun B hafa verið vátryggð lögboðinni slysátryggingu ökumanns hjá vátryggingafélaginu Y þegar slysið varð. A hefur krafist M um kjarasamningsbundin dagvinnulaun í þrjú mánuði eftir slysið. M hefur aftur á móti krafist þess, að því er ætla verður af málgögnum, að umrædd laun skyldu bætt annað hvort úr slysátryggingu launþega hjá X eða úr slysátryggingu ökumanns hjá Y. Bæði X og Y hafa hafnað bótaskyldu gagnvart M.

Álit.

Launakrafa A á hendur M er ekki til sérstakrar úrlausnar í máli þessu, enda verður ekki ráðið að um slíkan ágreining sé að ræða, jafnframt sem hann myndi ekki falla undir valdssvið nefndarinnar. Þá virðist mega ráða af gögnum málsins að um það sé ekki deilt að A hafi verið á leið til vinnu í B er hann slasaðist og verið frá vinnu af völdum slyssins í a.m.k. þrjú mánuði. Fyrirgreind launakrafa A á hendur B virðist samkvæmt gögnum málsins vera byggð á ákvæðum í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins Starfsgreinasambands Íslands sem í gildi var þegar slysið varð.

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum X fyrir slysátryggingu launþega greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í stafi hjá vátryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis, ef slysið leiðir m.a. til tímabundins missis starfsorku. Samkvæmt gr. 9.11 í skilmálunum greiðir félagið hins vegar ekki bætur þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjetryggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysátryggingu ökumanns og eiganda nema annað leiði af kjarasamningi. Síðastgreint ákvæði vátryggingarskilmálanna verður að skýra í samræmi við ákvæði 4. mgr. gr. 8.7.1 í fyrirgreindum kjarasamningi, en samkvæmt því greiðir slysátryggingin ekki bætur vegna slyss sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjetryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysátryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum. Óumdeilt verður að telja samkvæmt gögnum málsins að líkamstjón A bætist úr lögboðinni slysátryggingu B. Samkvæmt þessu og með vísan til fyrirgreinds undanþáguákvæðis í gr. 4.11 í vátryggingarskilmálum og 4. mgr. gr. 8.7.1 í hlutaðeigandi kjarasamningi greiðast ekki bætur úr slysátryggingunni vegna slyssins. M á því ekki rétt á að hugsanlegar launagreiðslur hans til A á veikindatímabilinu fái greiddar úr launþegatryggingunni.

Bætur úr fyrrgreindri slysstryggingu ökumanns B eru slysstryggingarbætur jafnvel þótt þær séu ákveðnar eftir reglum I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum um bætur fyrir líkamstjón. Hér er ekki um bætur úr ábyrgðartryggingu að ræða og lagagrundvöll skortir svo M geti krafist þess að laun, sem honum ber samkvæmt kjarasamningi að greiða A, verði greidd sér til baka úr slysstryggingu ökumanns. M á því ekki rétt á bótum úr slysstryggingu ökumanns hjá Y.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysstryggingu launþega hjá X vegna launagreiðsla í slysaförðllum til A vegna slyss 17.3.2010, né heldur til bóta af sama tilefni úr slysstryggingu ökumanns B hjá Y.

Reykjavík, 12. júlí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.